Júlí 2020

# Ársskýrsla mennta- og menningarmálaráðherra 2019

**Stjórnarráð Íslands**
Mennta- og menningarmálaráðuneytið




**Ársskýrsla mennta- og menningarmálaráðherra**

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4 – 101 Reykjavík
545 9500 | mrn@mrn.is

Júlí 2020

Ábyrgðarmaður: Lilja Alfreðsdóttir
Umsjón: Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Umbrot: Aron Freyr Heimisson
& Einar Guðmundsson

© 2020 – Mennta- og menningarmálaráðuneytið

**stjornarradid.is**

# Efnisyfirlit

**Ávarp ráðherra** 4

**Samantekt um starfsemi ráðuneytisins** 7

Helstu verkefni árið 2019 7

Staða fjárveitinga 9

Samantekt um starfsemi ráðuneytisins á árinu 2019 10

**Rekstur og fjárfestingar** 13

Rekstrargjöld og fjárfestingar 2019 13

Málefnasvið 15

Rekstur án fjárfestinga – málefnasvið sundurliðuð niður á málaflokka 16

Fjárfestingar – málefnasvið sundurliðuð niður á málaflokka 18

**Málaflokkar** 19

**Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða** 42

**Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila** 44



# Ávarp ráðherra

Grunnurinn að hagsæld og velferð framtíðarinnar er lagður í íslenskum skólum. Með góðri grunnmenntun fyrir alla tryggjum við sterkt og öflugt efnahagslíf, sem er forsenda lífsgæða í samfélaginu. Verkefni stjórnvalda er að styrkja þá umgjörð sem best knýr framfarir og velsæld. Besta leiðin til þess er að efla menntakerfið, sköpun og þróun.

Árið 2019 var að mörgu leyti viðburðaríkt en meðal mikilvægustu verkefna ársins voru aðgerðir til að fjölga kennurum. Í stjórnarsáttmála boðuðum við stórsókn í menntamálum, sem meðal annars fólust í því að sporna gegn kennaraskorti, stuðla að viðurkenningu á störfum kennara og efla faglegt sjálfstæði þeirra. Aðgerðirnar sem gripið var til í marsmánuði skiluðu strax afar góðum árangri, því aðsókn í kennaranám stórjókst vorið 2019.

Um mitt árið urðu tímamót þegar hæfnirammi um menntun og hæfni kennara og skólastjórnenda var lögfestur. Nýju lögin lýsa betur hæfnikröfum sem gerðar eru til kennara og eru í samræmi við ábyrgð þeirra í starfi. Að auki voru grundvallarbreytingar gerðar á leyfisbréfakerfi kennara. Áður voru gefin út leyfisbréf fyrir hvert skólastig, en nú er eitt og sama bréfið gefið út fyrir alla. Það eykur tækifæri kennara til starfsþróunar og gerir greinina samkeppnishæfari en áður.

Á árinu var unnið að því að auka fjölbreytni í íslensku menntakerfi. Sett voru lög um lýðskóla, ötullega var unnið að því að efla starfs- og tækninám og fyrstu nemendurnir hófu nám í tölvuleikjagerð á framhaldsskólastigi. Þróun skólakerfisins miðar að því að efla kerfið og brúa færnibilið sem samfélagið glímir við, enda er mikilvægt að menntun þjóðarinnar sé í samræmi við þarfir samfélagsins. Sérstaklega þarf að huga að tækni- og starfsmenntun, skapandi hugsun og greinum sem hjálpa okkar að mæta framtíðinni.

Það er mikilvægt að allir landsmenn geti aukið lífsgæði sín með þátttöku í fjölbreyttu menningar-, lista-, íþrótta- og æskulýðsstarfi. Slík tækifæri eiga að vera óháð efnahag og búsetu, hvort sem fólk vill njóta eða taka virkan þátt í menningarstarfi.

Málefni íslenskrar tungu, aðgengi að menningu og listum og mótun nýrrar menningarstefnu voru meðal áhersluverkefna á sviði menningarmála. Lög um samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs voru samþykkt, en þau byggja á tillögum starfshóps um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþrótta- og æskulýðsstarfi. Tilgangurinn er að stuðla að auknu öryggi og vellíðan iðkenda. Þá kynntum við nýja stefnumótun ráðuneytisins um íþróttastarf.

Nýsköpun og hagnýting hugvits er forsenda fjölbreytts atvinnulífs og styrkrar samkeppnisstöðu. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð rík áhersla á mikilvægi rannsókna og viljann til að efla þær með fjölbreyttum hætti. Mikilvægur liður í því fyrir okkur Íslendinga er samstarf við vísindamenn, fyrirtæki og stofnanir erlendis. Við viljum halda áfram að skapa þekkingarsamfélag hér á landi þar sem rannsóknir og nýsköpun skila sér út í samfélagið með betri lífsgæðum fyrir okkur öll.

Lilja Alfreðsdóttir
*mennta- og menningarmálaráðherra*

# Samantekt um starfsemi ráðuneytis

# Samantekt um starfsemi ráðuneytisins

Hlutverk mennta- og menningarmálaráðuneytisins er að stuðla að öflugu menningarlífi og mennta- og vísindastarfsemi til að auka megi lífsgæði fólks í landinu. Stjórnarmálefni sem ráðuneytið ber ábyrgð á eru menntamál, rannsóknar- og vísindastarfsemi, listir og menningarstarf, fjölmiðlar, íþróttamál og æskulýðsstarfsemi. Hjá ráðuneytinu starfa rúmlega 70 starfsmenn og heyra 52 stofnanir undir starfsemi þess.

## Helstu verkefni árið 2019

Á sviði menningarmála var unnið að fjölbreyttum verkefnum á árinu 2019. Þar má nefna að ný stefnumótun ráðuneytisins í íþróttamálum var kynnt og lög um samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs samþykkt á Alþingi. Þingsályktun um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi var samþykkt og gengið frá samningi ráðuneytisins og Framkvæmdasýslu ríkisins um byggingu Húss íslenskunnar við Arngrímsgötu í Reykjavík. Alþingi samþykkti ný lög um sviðslistir í árslok 2019 en með þeim er leitast við að skapa sambærilegan lagaramma um sviðslistir eins og fyrir bókmenntir, myndlist og tónlist. Þá hófust endurgreiðslur vegna útgáfu bóka á íslensku. Tilkynnt var að Ísland yrði gestgjafi Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna árið 2020 og var ráðinn verkefnisstjóri til þess að fylgja því verkefni eftir. Vinna hófst við mótun heildstæðrar kvikmyndastefnu og vinnu haldið áfram við mótun nýrrar menningarstefnu. Þá var Vatnajökulsþjóðgarður formlega tekinn inn á heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).

Á sviði vísindamála voru samþykkt ný lög um opinberan stuðning við vísindarannsóknir er snerta samfjármögnun alþjóðlegra rannsóknaráætlana og heimila sjálfstæð stjórn yfir Innviðasjóð. Þá voru einnig samþykkt lög frá Alþingi sem stuðla að þátttöku Íslands í samtökum um evrópska rannsóknarinnviði.

Á sviði menntamála má nefna að áfram var unnið að mótun menntastefnu Íslands til ársins 2030. Vinna hófst við mat á innleiðingu aðalnámskrár grunnskólanna og starfshópur var skipaður um málefni nemenda með annað móðurmál en íslensku sem vinna skyldi drög að stefnu í þeim málum. Ný lög um lýðskóla voru samþykkt á Alþingi sem og lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Kynntar voru fjölþættar aðgerðir til þess að fjölga starfandi kennurum sem strax sýndu vísbendingar um árangur með mikilli fjölgun umsókna um kennaranám. Mennta- og menningarmálaráðherra mælti fyrir frumvarpi um nýtt námslánakerfi sem taka á við af Lánasjóði íslenskra námsmanna. Í árslok voru síðan kynntar aðgerðir til að efla læsi og bæta orðaforða nemenda í kjölfar niðurstaðna PISA könnunarprófa frá 2018.

Í ljósi þess að ákveðið var að ráðast í stefnumörkun um eflingu skapandi greina á Íslandi þvert á stjórnsýslu og atvinnulíf var fenginn sérstakur ráðgjafi til þess að leiða þá vinnu í samstarfi við atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytið, kynningarmiðstöðvar listgreina og utanríkisþjónustuna. Mennta- og menningarmálaráðuneyti fékk jafnlaunavottun í ársbyrjun 2019. Vinna stóð yfir vegna úttektar á starfsemi, skilvirkni og skipulagi ráðuneytisins sem skilaði sér í nýju skipuriti sem tók gildi í febrúar 2020.

## Ný lög og lagabreytingar á árinu 2019

- **Lög um sviðslistir.**
- **Lög um lýðskóla.**
- **Lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.**
- **Opinber stuðningur við vísindarannsóknir (samfjármögnun alþjóðlegra rannsóknaráætlana og sjálfstæð stjórn Innviðasjóðs).**
- **Höfundalög (flytjanleiki efnisveituþjónustu).**
- **Sameiginleg umsýsla höfundarréttar.**
- **Samskiptaráðgjafi íþrótta- og æskulýðsstarfs.**
- **Samtök um evrópska rannsóknarinnviði (ERIC).**
- **Stuðningur við útgáfu bóka á íslensku.**

# Staða fjárveitinga

Heildarstaða rekstrarfjárveitinga, þ.e. fjárveitinga ráðuneytisins á árinu 2019 auk stöðu fjárveitinga frá fyrra ári, var jákvæð á öllum málefnasviðum.

Fjárveitingar til fjárfestinga höfðu safnast upp vegna seinkunar á framkvæmdum, m.a. vegna Húss íslenskunnar. Staða varasjóða var í upphafi árs 2019 alls 494,1 m.kr. í níu varasjóðum. Í árslok var staða þeirra 1.060,5 m.kr. og voru nýttar alls 38 m.kr. úr varasjóðum á árinu.

Alls voru 112 fjárlagaliðir á ábyrgð ráðuneytisins á fjárlagaárinu 2019. Þar af voru 52 stofnanir en aðrir fjárlagaliðir, s.s. sjóðir, verkefnaliðir og varasjóðir voru 60. Verkefnin skiptast í 16 málaflokka niður á sex málefnasvið.

Hlutdeild mennta- og menningarmálaráðuneytisins af heildarútgjöldum ríkisins var um það bil 12,1 % eða 113.190,9 m.kr. árið 2019. Í fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi ársins 2019 er að finna upplýsingar um þær aðgerðir sem ráðuneytið er ábyrgt fyrir. Af þeim 87 aðgerðum sem skilgreindar voru í fjárlagafrumvarpinu og varða málaflokka ráðuneytisins var að langstærstum hluta, eða 75 aðgerðum lokið eða þær í vinnslu við lok árs.



# Samantekt um starfsemi ráðuneytisins á árinu 2019

**4. janúar**

Ný reglugerð um sjálfstætt rekna grunnskóla.

**16. janúar**

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hlýtur jafnlaunavottun.

**11. febrúar**

Dagur íslenska táknmálsins.




**5. mars**

Aðgerðir kynntar til að fjölga kennurum.

**9. mars**

Hrefna Róbertsdóttir skipuð þjóðskjalavörður.

**21. mars**

Starfshópur skipaður um málefni nemenda með annað móðurmál en íslensku.

**1. apríl**

Ráðstefna um stöðu og framtíð íslenskukennslu í skólum.



**2. maí**

Stefnumótun í íþróttamálum kynnt.



**9. maí**

Hrafnhildur Arnardóttir fulltrúi Íslands opnar sýningu á Feneyjartvíæringnum.

**20. maí**

Fjölmiðlafrumvarp lagt fram á Alþingi.

**24. maí**

Uppskeruhátíð Nýsköpunarkeppni grunnskólanna.



**25. maí**

Fyrsta úthlutun úr Auði – nýjum barna- og ungmennabókasjóði.

**29. maí**

Lög um samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs samþykkt á Alþingi.

**7. júní**

Nýræktarstyrkir veittir til ungra höfunda.



**8. júní**

Þingsályktun um eflingu íslensku sem opinbers máls samþykkt á Alþingi.



**8. júní**

Heimsókn Andreasar Schleicher yfirmanns menntamála hjá OECD.

**12. júní**

Lög um lýðskóla samþykkt á Alþingi.



**5. júlí**

Vatnajökulsþjóðgarður á heimsminjaskrá UNESCO.



**26. júlí**

Alþjóðlegt málþing um námsgögn.

**20. ágúst**

Flatey skilgreind sem verndarsvæði í byggð.

**20. ágúst**

Fyrstu nemendur hefja nám í tölvuleikjagerð á framhalds-skólastigi.

**30. ágúst**

Skrifað undir samning um byggingu Húss íslenskunnar.

**9. september**

Kynning nýrra gæðaviðmiða fyrir frístundaheimili.



**14. október**

Starfsmenntavika hefst.

**29. október**

Afhending menningarverðlauna Norðurlandaráðs.

**1. nóvember**

Magnús Geir Þórðarson skipaður í embætti þjóðleikhússtjóra.

**6. nóvember**

Íslensku menntaverðlaunin endurvakin.

**16. nóvember**

Dagur íslenskrar tungu.



**18. nóvember**

Kynningarfundir vegna Menntasjóðs námsmanna.

**3. desember**

Aðgerðir í kjölfar niðurstaðna PISA-könnunarprófa kynntar.

**11. desember**

Norrænt málþing um lýðræði í skólastarfi.

**17. desember**

Sviðslistafrumvarp samþykkt á Alþingi.

# Rekstur og fjárfestingar

# Rekstur og fjárfestingar

Verkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis heyrðu undir alls sex málefnasvið á árinu 2019. Um er að ræða eftirfarandi málefnasvið;

- **18 Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál.**
- **19 Fjölmiðlun.**
- **20 Framhaldsskólastig.**
- **21 Háskólastig.**
- **22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála.**
- **Hluti af starfsemi í málaflokki 7.1 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum á málefnasviði 7 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál.**

# Rekstrargjöld og fjárfestingar 2019

**Raunútgjöld málefnasviða (m.kr.)**
Rekstrarútgjöld og fjárfestingar




**Mynd 1.** Yfirlit yfir útgjöld málefnasviða sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðherra.

Myndin sýnir fjárhagslegt umfang mennta- og menningarmálaráðuneytis skipt eftir málefnasviðum. Sýndur er rekstur málefnasviða ásamt fjárfestingu. Framhaldsskóla- og háskólastig voru umfangsmestu málefnasviðin í starfsemi ráðuneytisins ef horft er til útgjalda. Um 37,5% af heildarútgjöldum ráðuneytisins fóru til háskólastigsins og stór hluti framlaga til samkeppnissjóða í rannsóknum óbeint til háskóla í gegnum sjóði á því málefnasviði sem nam 5,8% af heildarútgjöldum. Útgjöld  framhaldsskólastigsins námu 33,8% af heildarútgjöldum, hlutur menningar, lista, íþrótta- og æskulýðsmála var 13,5% af heildarútgjöldum og framlög til fjölmiðla 4,7%. Loks voru útgjöld annarra skólastiga og stjórnsýslu mennta- og menningarmála 4,7% af heildarútgjöldum.



# Málefnasvið

## Útgjöld, staða og frávik

Upplýsingar sem hér fara á eftir sýna rekstrarniðurstöðu málaflokka, bæði innan ársins 2019 og að teknu tilliti til stöðu fjárheimilda frá fyrri árum. Í töflur 1 er að finna rekstrarútgjöld að undanskildum útgjöldum vegna fjárfestinga. Í fyrsta dálki eru raunútgjöld eða ráðstafað á árinu, þ.e. gjöld að frádregnum sértekjum sem stofnanir afla sér. Í næsta dálki eru til samanburðar sýnd áætluð útgjöld ársins en fjárveitingar taka mið af þeim áætlunum sem  stofnanirnar leggja fram. Síðan er sýnt frávik raungjalda frá áætlun og hversu stórt frávikið er hlutfallslega. Næstu tveir dálkar sýna stöðu fjárheimilda frá fyrra ári og hlutfall þeirra af raunútgjöldum yfirstandandi árs.



# Rekstur án fjárfestinga – málefnasvið sundurliðuð niður á málaflokka

**Tafla 1.** Rekstur málefnasviða og málaflokka

| | Málefnasvið | Raun | Áætlun | Frávik innan ársins | Frávik % | Flutt frá fyrra ári | Uppsafnað frávik | Uppsafnað frávik % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **07** | **Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar** | **5.805,7** | **5.711,7** | **-94,0** | **-1,6%** | **959,9** | **865,9** | **15,2%** |
| | 0710 - Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum | 5.805,7 | 5.711,7 | -94,0 | -1,6% | 959,9 | 865,9 | 15,2% |
| **18** | **Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál** | **13.284,6** | **13.959,5** | **675,0** | **4,8%** | **1.073,3** | **1.748,3** | **12,5%** |
| | 1810 - Safnamál | 3.502,9 | 3.788,1 | 285,2 | 7,5% | 155,0 | 440,2 | 11,6% |
| | 1820 - Menningarstofnanir | 4.373,7 | 4.412,3 | 38,6 | 0,9% | 235,2 | 273,8 | 6,2% |
| | 1830 - Menningarsjóðir | 4.164,6 | 4.513,2 | 348,6 | 7,7% | 662,8 | 1.011,3 | 22,4% |
| | 1840 - Íþrótta- og æskulýðsmál | 1.243,3 | 1.245,9 | 2,6 | 0,2% | 20,3 | 22,9 | 1,8% |
| **19** | **Fjölmiðlun** | **4.705,0** | **4.717,6** | **12,6** | **0,3%** | **-4,0** | **8,6** | **0,2%** |
| | 1910 - Fjölmiðlun | 4.705,0 | 4.711,3 | 6,3 | 0,1% | 2,3 | 8,6 | 0,2% |
| | 1920 - Íþrótta- og æskulýðsmál | 0,0 | 6,3 | 6,3 | 100,0% | -6,3 | 0,0 | 0,0% |
| **20** | **Framhaldsskólastig** | **33.176,3** | **33.667,3** | **491,0** | **1,5%** | **1.458,9** | **1.949,9** | **5,8%** |
| | 2010 - Framhaldsskólar | 31.843,7 | 32.297,0 | 453,3 | 1,4% | 1.398,8 | 1.852,1 | 5,7% |
| | 2020 - Tónlistarfræðsla | 556,5 | 556,5 | 0,0 | 0,0% | 0,0 | 0,0 | 0,0% |
| | 2030 - Vinnustaðanám og styrkir | 277,4 | 242,6 | -34,8 | -14,4% | 60,1 | 25,2 | 10,4% |
| | 2040 - Jöfnun námskostnaðar | 498,7 | 571,2 | 72,5 | 12,7% | 0,0 | 72,5 | 12,7% |
| **21** | **Háskólastig** | **35.936,5** | **36.410,2** | **473,6** | **1,3%** | **2.187,6** | **2.661,2** | **7,3%** |
| | 2110 - Háskólar | 25.074,5 | 25.725,0 | 650,5 | 2,5% | 1.983,7 | 2.634,2 | 10,2% |
| | 2120 - Rannsóknastarfsemi á háskólastigi | 2.435,7 | 2.437,4 | 1,7 | 0,1% | 203,9 | 205,5 | 8,4% |
| | 2130 - Stuðningur við námsmenn | 8.426,3 | 8.247,8 | -178,5 | -2,2% | 0,0 | -178,5 | -2,2% |
| **22** | **Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála** | **4.699,0** | **4.676,8** | **-22,2** | **-0,5%** | **72,9** | **50,7** | **1,1%** |
| | 2210 - Leikskóla- og grunnskólastig | 248,2 | 247,3 | -0,9 | -0,4% | -9,2 | -10,1 | -4,1% |
| | 2220 - Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig | 1.953,6 | 1.969,0 | 15,3 | 0,8% | -17,9 | -2,6 | -0,1% |
| | 2230 - Stjórnsýsla mennta- og menningarmála | 2.497,1 | 2.460,5 | -36,6 | -1,5% | 100,0 | 63,4 | 2,6% |
| | **Samtals málefnasvið / málaflokkar** | **97.607,0** | **99.143,1** | **1.536,1** | **1,5%** | **5.748,5** | **7.284,6** | **7,3%** |

*Fjárhæðir í milljónum króna*

Heildarútgjöld vegna ársins 2019 voru 97,6 mia.kr. Rekstrarfjárheimildir á tímabilinu voru alls 99,1 mia.kr. sem þýðir að staða rekstrarfjárheimilda á tímabilinu var jákvæð um 1,5 mia.kr. eða um 1,5% af útgjaldaheimildum. Heildarstaða rekstrarfjárveitinga, þ.e. fjárveitinga ársins 2019 auk stöðu fjárveitinga frá fyrra ári er jákvæð á öllum málefnasviðum.

Samanlögð staða fjárveitinga frá árinu 2018 var jákvæð um 5,7 mia.kr. Heildarstaða fjárveitinga, þ.e. fjárveitinga ársins og fjárveitinga frá fyrri árum var jákvæð um 7,3 mia.kr. Af 52 stofnunum ráðuneytisins voru 42 þeirra með jákvæða stöðu fjárveitinga um áramótin.



# Fjárfestingar – málefnasvið sundurliðuð niður á málaflokka

**Tafla 2.** Fjárfestingar

| | Málaflokkar | Fjárheimild | Heimild frá fyrra ári | Fjárfesting | Staða í árslok |
|---|---|---|---|---|---|
| **07** | **Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar** | **18,0** | **18,0** | | **36,0** |
| | 0710 - Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum | 18,0 | 18,0 | | 36,0 |
| **18** | **Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál** | **131,9** | **271,9** | **-173,9** | **229,9** |
| | 1810 - Safnamál | 135,2 | 13,1 | -109,4 | 38,9 |
| | 1820 - Menningarstofnanir | 118,3 | 84,3 | **-63,7** | 139,0 |
| | 1830 - Menningarsjóðir | -121,6 | 174,5 | -0,8 | 52,1 |
| **19** | **Fjölmiðlun** | **0,3** | **-0,4** | -0,4 | **-0,5** |
| | 1910 - Fjölmiðlun | 0,3 | -0,4 | -0,4 | -0,5 |
| **20** | **Framhaldsskólastig** | **537,6** | **1.205,5** | **-613,4** | **1.129,7** |
| | 2010 - Framhaldsskólar | 537,6 | 1.205,5 | -613,4 | 1.129,7 |
| **21** | **Háskólastig** | **3.444,3** | **715,5** | **-1.536,8** | **2.623,0** |
| | 2110 - Háskólar | 3.343,7 | 664,3 | -1.509,2 | 2.498,9 |
| | 2120 - Rannsóknastarfsemi á háskólastigi | 100,6 | 51,2 | -27,7 | 124,1 |
| **22** | **Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála** | **20,3** | **1,6** | **-20,5** | **1,4** |
| | 2220 - Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig | 1,0 | 2,2 | -0,6 | 2,6 |
| | 2230 - Stjórnsýsla mennta- og menningarmála | 19,3 | -0,6 | -19,9 | -1,2 |
| | **Samtals** | **4.152,3** | **2.212,1** | **-2.345,0** | **4.019,5** |

*Fjárhæðir í milljónum króna*

Tafla 2 sýnir fjárfestingarframlög í m.kr., bæði innan ársins 2019 og að teknu tilliti til stöðu fjárheimilda frá fyrri árum. Í fyrsta dálki er fjárheimild ársins. Í öðrum dálki eru ónýttar fjárheimildir frá fyrra ári. Í þriðja dálki eru raunútgjöld ársins. Loks sést í fjórða dálki hverju er óráðstafað í árslok.

# Málaflokkar

## Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna

Umfjöllun er kaflaskipt eftir málaflokkum á þeim málefnasviðum sem mennta- og menningarmálaráðherra hefur forræði yfir. Uppbygging þeirra er sambærileg þar sem fram koma markmið úr fjármálaáætlun 2019-2023.

Frá því fjárlög 2019 voru samþykkt á Alþingi hafa sum markmið og mælikvarðar breyst, eftir atvikum. Breytingarnar má sjá í greinargerðum með fjármálaáætlunum.

## Yfirlit yfir stöðu aðgerða í árslok 2019

Í fjárlögum 2019 voru alls 87 aðgerðir skilgreindar til framkvæmda í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, sumar þeirra ná yfir tiltekið árabil. Af þeim tókst að ljúka eða hefja vinnslu á 75 aðgerðarhlutum sem fara átti í á árinu 2019. Fimm aðgerðarhlutar ársins 2019 voru í undirbúningi en 7 voru ekki hafnir.



## Yfirlit yfir stöðu aðgerða í árslok 2019.

| Málaflokkar | Staða og fjöldi aðgerða | | | | | Samt. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Aðgerð ekki hafin | Undirbúningur hafinn | Aðgerð hafin | Aðgerð komin vel á veg | Aðgerð lokið | |
| 7.1 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum | | | | 3 | 3 | 6 |
| 18.1 Safnamál | | 1 | 1 | 2 | 3 | 7 |
| 18.2 Menningarstofnanir | | | 2 | 2 | 1 | 5 |
| 18.3 Menningarsjóðir | | | | 4 | 4 | 8 |
| 18.4 Íþrótta- og æskulýðsmál | | | 4 | | 3 | 7 |
| 19.1 Fjölmiðlun | | | | 1 | 3 | 4 |
| 20.1 Framhaldsskólar | | 1 | 1 | 5 | 2 | 9 |
| 20.2 Tónlistarfræðsla | | | | | 1 | 1 |
| 20.4 Jöfnun námskostnaðar | 1 | | | | | 1 |
| 21.1 Háskólar | 1 | | 2 | 2 | 3 | 8 |
| 21.2 Rannsóknarstarfsemi á háskólastigi | 1 | | 1 | | 1 | 3 |
| 21.3 Stuðningur við námsmenn | | | | | 2 | 2 |
| 22.1 Leikskóla- og grunnskólastig | 3 | 2 | 3 | 9 | 2 | 19 |
| 22.2 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig | 1 | 1 | 1 | 1 | | 4 |
| 22.3 Stjórnsýsla mennta- og menningarmála | | | | 1 | 2 | 3 |
| **Samtals aðgerðir** | **7** | **5** | **15** | **30** | **30** | **87** |

Aðgerð ekki hafin · Undirbúningur hafinn · Aðgerð hafin · Aðgerð komin vel á veg · Aðgerð lokið

Yfirlit um stöðu aðgerða á hverju málefnasviði er birt í upphafi umfjöllunar um viðkomandi málefnasvið. Hér er átt við stöðu aðgerða miðað við fjárlög 2019, þ.e. hvað áætlað var að framkvæma á því ári.

# Rannsóknir, nýsköpun og þekkingargreinar Málefnasvið 7

Hluti af starfsemi í málaflokknum 7.1 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum er á forræði ráðuneytisins.

## Yfirlit yfir fjölda og stöðu aðgerða sem áætlað var að fara í á árinu 2019, í málaflokknum 7.1

| Málaflokkar | Staða og fjöldi aðgerða | Samt. |
|---|---|---|
| 7.1 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum | Aðgerð komin vel á veg: 3; Aðgerð lokið: 3 | 6 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

Í fjárlögum ársins 2019 var skilgreint eitt markmið fyrir málaflokk 7.1 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum. Eftirfarandi markmið málaflokksins miðar að alþjóðlega samkeppnishæfu umhverfi rannsókna og nýsköpunar þar sem áhersla er lögð á gæði, gagnsæi, alþjóðasamstarf og árangur.

- **Markmið 1: Fjármögnun rannsókna styðji við gæði, árangur og verðmætasköpun.**

**Aðgerðarhluti 2019**

| | | |
|---|---|---|
| Aðgerð komin vel á veg | Móta stefnu um opinn aðgang að rannsóknargögnum. | 2019 |
| Aðgerð lokið | Skilgreina áskoranir og viðfangsefni sem Ísland þarf að takast á við með aðkomu rannsókna og nýsköpunar. | 2018–2019 |
| Aðgerð komin vel á veg | Vinna vegvísi um rannsóknarinnviði til að tryggja markvissari fjárfestingu í innviðum. | 2019 |
| Aðgerð komin vel á veg | Vísindamál og rannsóknarinnviðir. a) Endurskoðun á lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003. Fyrri hluti lýtur að þátttöku Rannsóknarsjóðs í alþjóðlegum rannsóknaráætlunum og auknu sjálfstæði Innviðasjóðs. Seinni hluti er heildarendurskoðun á lagaumhverfi sem tekur til víðtækari stefnumótunar. b) Frumvarp til laga vegna fyrirhugaðrar þátttöku Íslands í Samtökum um evrópska rannsóknarinnviði og innleiðing á reglugerð nr. 723/2009 um ERIC (European Research Infrastucture Consortium). c) Gerður verður vegvísir um rannsóknarinnviði til að tryggja markvissari fjárfestingu í þeim. | 2019 |
| Aðgerð lokið | Samfélagslegar áskoranir. Auglýstir verða styrkir úr Markáætlun um vísindi, tækni og nýsköpun á grundvelli skilgreindra samfélagslegra áskorana, þ.m.t. áætlun um tungu og tækni. | 2019 |
| Aðgerð lokið | Samstarfsáætlun ESB. Áfram verður unnið að undirbúningi að nýjum samstarfsáætlunum ESB á sviði vísinda og nýsköpunar (*Horizon Europe*) og mennta- (*Erasmus*) og menningarmála (*Creative Europe*) fyrir tímabilið 2021-2027. | 2019 |

**Aðgerð ekki hafin** **Undirbúningur hafinn** **Aðgerð hafin** **Aðgerð komin vel á veg** **Aðgerð lokið**

# Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál Málefnasvið 18

Meginhluti starfsemi á málefnasviðinu var á ábyrgð ráðuneytisins en verkefni voru einnig á hendi forsætisráðuneytisins.

## Yfirlit yfir fjölda og stöðu aðgerða sem áætlað var að fara í á árinu 2019, á málefnasviðinu.

| Málaflokkar | Undirbúningur hafinn | Aðgerð hafin | Aðgerð komin vel á veg | Aðgerð lokið | Samt. |
|---|---|---|---|---|---|
| 18.1 Safnamál | 1 | 1 | 3 | 2 | 7 |
| 18.2 Menningarstofnanir | | 2 | 2 | 1 | 5 |
| 18.3 Menningarsjóðir | | | 4 | 4 | 8 |
| 18.4 Íþrótta- og æskulýðsmál | | 4 | | 3 | 7 |

Aðgerð ekki hafin · Undirbúningur hafinn · Aðgerð hafin · Aðgerð komin vel á veg · Aðgerð lokið

## 18.1 Safnamál

Í fjárlögum ársins 2019 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 18.1 Safnamál. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að auðvelda öllum landsmönnum, konum og körlum, að njóta menningar og lista og jafna og bæta aðstöðu til menningar- og listastarfsemi í landinu. Jafnframt að stuðla að verndun menningar- og náttúruminja og menningararfleifðar þjóðarinnar fyrir komandi kynslóðir og tryggja jafnvægi verndunar og aðgengis fyrir almenning að menningararfinum.

- **Markmið 1: Bæta aðgengi að og miðlun á menningu og listum.**
- **Markmið 2: Efla vernd á menningararfi þjóðarinnar í samræmi við alþjóðlegar kröfur.**
- **Markmið 3: Efla rannsóknir og skráningu.**

**Aðgerðarhluti 2019**

| | |
|---|---|
| Stuðla að auknu samstarfi eða sameiningu safna í samráði við hagsmunaaðila og gera nauðsynlegar lagabreytingar til þess. | 2018–2020 |
| Skilgreina árangursvísa um framboð menningarsögulegs efnis á stafrænu formi og setja viðmið. | 2018–2019 |
| Stafræn varðveisla og endurgerð. Safneignum á stafrænu formi verður fjölgað. | 2019 |
| Menningarstefna. Undirbúa endurskoðun á menningarstefnu. | 2019 |
| Bætt aðstaða. Greina stöðu og þarfir stofnana fyrir húsnæði og búnað og gera áætlun um uppbyggingu. | 2018–2020 |
| Styrkja starfsemi höfuðsafna. Uppbygging Náttúruminjasafns Íslands til framtíðar m.a. undirbúin. | 2019 |
| Rannsóknir. Styrkja sjálfstæðar rannsóknir safna. | 2018–2020 |

**Aðgerð ekki hafin** · **Undirbúningur hafinn** · **Aðgerð hafin** · **Aðgerð komin vel á veg** · **Aðgerð lokið**

## 18.2 Menningarstofnanir

Í fjárlögum ársins 2019 var skilgreint eitt markmið fyrir málaflokk 18.2 Menningarstofnanir. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að auðvelda öllum landsmönnum, konum og körlum, að njóta menningar og lista og jafna og bæta aðstöðu til menningar- og listastarfsemi í landinu. Jafnframt að stuðla að verndun menningar- og náttúruminja og menningararfleifðar þjóðarinnar fyrir komandi kynslóðir og tryggja jafnvægi verndunar og aðgengis fyrir almenning að menningararfinum.

- **Markmið 1: Bæta aðgengi að menningu og listum.**

**Aðgerðarhluti 2019**

| | | |
|---|---|---|
| ● (Aðgerð hafin) | Bætt aðstaða. Greina stöðu og þörf menningarstofnana fyrir húsnæði og búnað og gera áætlun um endurbætur. | 2018–2020 |
| ● (Aðgerð lokið) | List fyrir alla. Fjölga grunnskólum sem bjóða uppá listviðburði. | 2017–2020 |
| ● (Aðgerð komin vel á veg) | Verndun fornleifa. Unnið að heildarstefnu um vernd menningarminja. | 2019 |
| ● (Aðgerð komin vel á veg) | Hagvísar fyrir menningu og listir. Tölfræði fyrir menningarstarfsemi verður endurskoðuð og samræmd og upplýsinga aflað um menningarþátttöku landsmanna. Stefnt er að því að tölfræðigögn liggi fyrir árið 2021. | 2019 |
| ● (Aðgerð hafin) | Menningarstefna. Unnið verður að endurskoðun menningarstefnu. | 2019 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

## 18.3 Menningarsjóðir

Úthlutun á fjárveitingum í gegnum sjóði eða samninga vegna stuðnings við einstök verkefni miða að því að auðvelda öllum landsmönnum, konum og körlum, að njóta menningar og lista og jafna og bæta aðstöðu til menningar- og listastarfsemi í landinu. Jafnframt að stuðla að verndun menningar- og náttúruminja og menningararfleifðar þjóðarinnar fyrir komandi kynslóðir og tryggja jafnvægi verndunar og aðgengis fyrir almenning að menningararfinum.

- **Markmið 1: Skapa betri skilyrði fyrir fjölbreytni, nýsköpun og frumkvæði í íslenskum listum og menningu.**

**Aðgerðarhluti 2019**

| | |
|---|---|
| Efla sjóða- og stuðningskerfi menningar og lista, m.a. með því að móta stefnu um skiptingu fjárveitinga. | 2018–2020 |
| Framlög til sjóða. Verkefnishópur aflar upplýsinga og gerir tillögu að skiptingu framlaga. | 2019 |
| Bókmenningarstefna. Innleidd, þ.m.t. sérstakur stuðningur við útgefendur bóka á íslensku. | 2019 |
| Kvikmyndastefna. a) Undirbúningur að mótun kvikmyndastefnu, b) reglur um úthlutanir úr Kvikmyndasjóði endurskoðaðar. | 2019 |
| Barnamenning. a) Barnamenningarsjóður settur á laggirnar á grundvelli þingsályktunar, b) barna- og unglingabókasjóður stofnaður. | 2019 |
| Máltækni. Máltækniverkefni unnin á grundvelli fyrirliggjandi áætlunar. | 2019 |
| Staða íslenskrar tungu. Unnin aðgerðaáætlun á grundvelli þingsályktunar um íslenska tungu sem lögð verður fyrir Alþingi á haustþingi 2018, m.a. um opinn aðgang almennings að orðabókum á vefnum. | 2019 |
| Menningarhús. Bygging menningarhúsa á Fljótsdalshéraði og í Skagafirði undirbúin. | 2019 |

Aðgerð ekki hafin · Undirbúningur hafinn · Aðgerð hafin · Aðgerð komin vel á veg · Aðgerð lokið

## 18.4 Íþrótta- og æskulýðsmál

Í fjárlögum ársins 2019 voru skilgreind tvö markmið fyrir málaflokk 18.4 Íþrótta- og æskulýðsmál. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að gera öllum landsmönnum, konum og körlum, kleift að taka þátt eftir áhugasviði hvers og eins og efla lífsgæði fólks.

- **Markmið 1: Bæta umgjörð og auka gæði í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi.**
- **Markmið 2: Efla umgjörð og stuðning við afreksíþróttafólk.**

**Aðgerðarhluti 2019**

| Staða | Aðgerð | Tímabil |
|---|---|---|
| Aðgerð hafin | Skoða leiðir til að auka kröfur um örugg starfsskilyrði fyrir börn og ungmenni í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi. Breyta æskulýðslögum nr. 70/2007. | 2019 |
| Aðgerð hafin | Greina þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í íþrótta- og æskulýðsstarfi. | 2018–2019 |
| Aðgerð lokið | #églíka-byltingin. Unnið verður að aðgerðum í samræmi við tillögur starfshóps sem lagðar voru fram árið 2018. | 2019 |
| Aðgerð hafin | Æskulýðsstefna. Unnið verður að stefnumótun um æskulýðsmál. | 2019 |
| Aðgerð lokið | Íþróttastefna. | |
| Aðgerð hafin | Þjóðarleikvangar<br>1. Vinna að uppbyggingu þjóðleikvangs í knattspyrna í Laugardal.<br>2. Undirbúningur vegna þjóðarleikvangs fyrir inniíþróttir. | 2018–2019 |
| Aðgerð lokið | Afrekssjóður ÍSÍ. Framlög í sjóðinn verða aukin. | 2019 |

Aðgerð ekki hafin · Undirbúningur hafinn · Aðgerð hafin · Aðgerð komin vel á veg · Aðgerð lokið

# Fjölmiðlun Málefnasvið 19

## Yfirlit yfir fjölda og stöðu aðgerða sem áætlað var að fara í á árinu 2018, á málefnasviðinu.

| Málaflokkar | Staða og fjöldi aðgerða | Samt. |
|---|---|---|
| 19.1 Fjölmiðlun | ● 1 (Aðgerð komin vel á veg) ● 3 (Aðgerð lokið) | 4 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

## 19.1 Fjölmiðlun

Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að stuðla að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga, fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum sem og að efla vernd neytenda á þeim vettvangi.

- **Markmið 1: Bæta starfsumhverfi fjölmiðla .**
- **Markmið 2: Auka innlenda dagskrárgerð og framboð af íslensku barna- og menningarefni.**

| Aðgerðarhluti 2019 | | |
|---|---|---|
| ● (Aðgerð lokið) | Samræma álagningu virðisaukaskatts á áskriftargjöld fjölmiðla. | 2019 |
| ● (Aðgerð komin vel á veg) | Breytingar á lögum. a) Drög að frumvörpum um breytingar á fjölmiðlalögum nr. 38/2011 b) lögum um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum nr. 62/2006 verða lögð fram til kynningar og samráðs. | 2019 |
| ● (Aðgerð lokið) | Bætt starfsumhverfi. Unnið að aðgerðum á grundvelli úttekta og skýrslna um stöðu á íslenskum fjölmiðlamarkaði. | 2019 |
| ● (Aðgerð lokið) | Íslensk dagskrárgerð. Auka meðframleiðslu, framleiðslu og kaup Ríkisútvarpsins ohf. á íslensku barna- og menningarefni og innlendu efni frá sjálfstæðum framleiðendum. | 2019 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

# Framhaldsskólastig Málefnasvið 20

## Yfirlit yfir fjölda og stöðu aðgerða sem áætlað var að fara í á árinu 2019, á málefnasviðinu.

| Málaflokkar | Aðgerð ekki hafin | Undirbúningur hafinn | Aðgerð hafin | Aðgerð komin vel á veg | Aðgerð lokið | Samt. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 20.1 Framhaldsskólar | | 1 | 1 | 5 | 2 | 9 |
| 20.2 Tónlistarfræðsla | | | | | 1 | 1 |
| 20.3 Vinnustaðanám og styrkir | | | | | | 0 |
| 20.4 Jöfnun námskostnaðar | 1 | | | | | 1 |

Staða og fjöldi aðgerða: Aðgerð ekki hafin · Undirbúningur hafinn · Aðgerð hafin · Aðgerð komin vel á veg · Aðgerð lokið

## 20.1 Framhaldsskólar

Í fjárlögum ársins 2019 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 20.1 Framhaldsskólar. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að fleiri og yngri nemendur ljúki starfsnámi sem skili þeim vel undirbúnum undir fjölbreytt störf í atvinnulífinu og áframhaldandi nám.

- **Markmið 1: Fleiri nemendur ljúki prófi úr framhaldsskóla á tilskildum tíma.**
- **Markmið 2: Nemendur í öllum landshlutum hafi aðgengi að fjölbreyttu bók- og starfsnámi sem uppfyllir kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífs.**
- **Markmið 3: Nemendum bjóðist heildstætt og markvisst starfsnám.**

**Aðgerðarhluti 2019**

| | |
|---|---|
| Brotthvarf. Brugðist verður við niðurstöðum könnunar frá hausti 2018 á þjónustu framhaldsskóla sem ætlað er að vinna gegn brotthvarfi. | 2019 |
| Lykiltölur. Hafin verður regluleg söfnun og birting lykiltalna sem gefa upplýsingar um starfsemi á framhaldsskólastigi, brotthvarf og vísbendingar um gæði náms. | 2017–2019 |
| Nemendur af erlendum uppruna. a) Brugðist verður við niðurstöðum könnunar frá hausti 2018 á þjónustu framhaldsskóla sem ætlað er að styðja sérstaklega við nemendur af erlendum uppruna. b) Kallað verður eftir móttökuáætlunum framhaldsskóla. | 2018–2019 |
| Verk-, iðn- og starfsnám. Rafrænar ferilbækur verða í áframhaldandi þróun, prófun og innleiðingu. Jafnframt verður unnið að einföldun á stjórnskipulagi starfsnáms. | 2017–2022 |
| Breytingar á lögum. Endurskoðuð lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 verða kynnt ásamt reglugerðum. Ráðgert að frumvarp að nýjum lögum verði lagt fyrir Alþingi á haustmisseri 2019. | 2019 |
| Menntastefna 2030. Ný menntastefna til ársins 2030 verður mótuð í víðtæku samráði. | 2019 |
| Námstími. Hafinn undirbúningur að mati á áhrifum breytinga á námstíma til stúdentsprófs, úr fjórum árum í þrjú. | 2019 |
| Reiknilíkan. Náms- og kennsluhluti verður tekinn í notkun. Fyrirhugað er að endurskoðað líkan verði að fullu komið til framkvæmda árið 2021. | 2019 |
| Bætt aðstaða. a) Greining á húsnæðisþörf Menntaskólans í Reykjavík, b) Bætt verknámsaðstaða í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og Borgarholtsskóla, c) Bætt félagsrými fyrir nemendur í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. | 2019 |

**Aðgerð ekki hafin** · **Undirbúningur hafinn** · **Aðgerð hafin** · **Aðgerð komin vel á veg** · **Aðgerð lokið**

## 20.2 Tónlistarfræðsla

Um málaflokkinn gilda lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, þau taka til tónlistarskóla sem reknir eru af sveitarfélögum og annarra sem njóta styrks skv. lögunum. Ríki og sveitarfélög hafa gert samkomulag um fjárhagslegan stuðning ríkisins við tónlistarnám á vegum sveitarfélaga á framhaldsstigi í hljóðfæraleik og mið- og framhaldsstigi í söng.

Eðli málaflokksins er með þeim hætti að markmið og aðgerðir í öðrum málaflokkum málefnasviðsins eru að hluta til leiðandi fyrir málaflokkinn.

**Aðgerðarhluti 2019**

| | | |
|---|---|---|
| ● | Endurnýjun á samkomulagi við samband íslenskra sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, sbr. samkomulag frá 2011. | 2019 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

## 20.3 Vinnustaðanám og styrkir

Áhersla er lögð á að úthlutanir úr vinnustaðanámssjóði stuðli að fleira sérhæfðu starfsfólki á vinnumarkaði og samkeppnishæfara atvinnulífi. Stefnt er að því að skoða starfsemi og úthlutanir úr vinnustaðanámssjóði, m.a. með gagnsæi í huga.

Undir málaflokkinn falla lög um vinnustaðanámssjóð nr. 71/2012. Styrkir eru veittir til fyrirtækja og stofnana vegna vinnustaðanáms og starfsþjálfunar sem er skilgreindur hluti af starfsnámi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Styrkjunum er ætlað að auðvelda nemendum að ljúka starfsnámi og koma til móts við kostnað fyrirtækja og stofnana á vinnustað.

Eðli málaflokksins er með þeim hætti að markmið og aðgerðir í öðrum málaflokkum málefnasviðsins eru að hluta til leiðandi fyrir málaflokkinn.

## 20.4 Jöfnun námskostnaðar

Áhersla er lögð á jafnt aðgengi að námi óháð búsetu og öðrum aðstæðum.

Undir málaflokkinn falla lög um námsstyrki nr. 79/2003. Námsstyrkir eru veittir til að jafna fjárhagslegan aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum eða efnaleysi torveldar þeim nám.

Eðli málaflokksins er með þeim hætti að markmið og aðgerðir í öðrum málaflokkum málefnasviðsins eru að hluta til leiðandi fyrir málaflokkinn.

**Aðgerðarhluti 2019**

| | | |
|---|---|---|
| ● | Úttekt gerð á framkvæmd laga um námsstyrki nr. 79/2003. | 2019 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið



# Háskólastig Málefnasvið 21

Frá árinu 2019 eru málaflokkar 21.1 og 21.2 sameinaðir undir heitinu Háskólar og rannsóknarstarfsemi.

### Yfirlit yfir fjölda og stöðu aðgerða sem áætlað var að fara í á árinu 2019, á málefnasviðinu.

| Málaflokkar | Aðgerð ekki hafin | Undirbúningur hafinn | Aðgerð hafin | Aðgerð komin vel á veg | Aðgerð lokið | Samt. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 21.1 Háskólar | 1 | | 2 | 2 | 3 | 8 |
| 21.2 Rannsóknarstarfsemi á háskólastigi | 1 | | 1 | | 1 | 3 |
| 21.3 Stuðningur við námsmenn | | | | | 2 | 2 |

Aðgerð ekki hafin · Undirbúningur hafinn · Aðgerð hafin · Aðgerð komin vel á veg · Aðgerð lokið

## 21.1 Háskólar

Frá árinu 2019 eru málaflokkar 21.1 og 21.2 sameinaðir undir heitinu Háskólar og rannsóknarstarfsemi.

Í fjárlögum ársins 2019 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 21.1 Háskólar. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að efla gæði í starfsemi háskóla, rannsóknastofnana og þekkingarsetra.

- **Markmið 1: Auka gæði náms og námsumhverfis.**
- **Markmið 2: Styrkja rannsóknarstarf í háskólum og umgjörð þess.**
- **Markmið 3: Auka áhrif og tengsl háskóla í samfélaginu.**

## Aðgerðarhluti 2019

| Staða | Aðgerð | Tímabil |
|---|---|---|
| Aðgerð lokið | Gera aðgerðaráætlun um nýliðun kennara. Breyta lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda nr. 87/2008. Endurskoða reglugerð um inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara. | 2018–2020 |
| Aðgerð komin vel á veg | Endurskoða forsendur fyrir fjárveitingum til háskóla (reiknilíkan). Breyting á reglum nr. 646/1999 um fjárveitingar til háskóla. | 2017–2019 |
| Aðgerð hafin | Gera sértækar úttektir á gæðum náms, þ.m.t. fjarnáms og meistaranáms þvert á háskóla auk lögreglunáms á háskólastigi og bregðast við niðurstöðum. | 2019–2021 |
| Aðgerð lokið | Nýliðun kennara. a) Hrint verður í framkvæmd aðgerðum um nýliðun kennara, m.a. verður litið til þess hvernig fjölga megi karlmönnum í kennslu á öllum skólastigum. b) Unnið verður frumvarp til breytinga á lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda nr. 87/2008 í samráði við hagsmunaaðila. | 2019 |
| Aðgerð lokið | Mannafla- og færnispá. Vísinda og tækniráð mun leggja mat á niðurstöður sérfræðingahóps um mannafla- og færnispá á íslenskum vinnumarkaði. Niðurstöður verði tengdar menntastefnu 2030. | 2019 |
| Aðgerð komin vel á veg | Bætt aðstaða. a) Endurbætur á húsnæði Háskólans á Akureyri vegna rakaskemmda. b) Flutningur sviðslistadeildar Listaháskóla Íslands af Sölvhólsgötu í Laugarnes. c) Þarfagreining og hönnunarsamkeppni vegna framtíðarhúsnæðis Listaháskóla Íslands. d) Endurbætur á húsnæði Landbúnaðarháskóla Íslands að Reykjum í Ölfusi. | 2019 |
| Aðgerð hafin | Framlög til háskóla. Unnið úr tillögum starfshóps sem skilgreindi fjárþörf til háskóla í samanburði við framlög í OECD-ríkjum. Samhliða verður horft til þess hvernig bæta megi skilvirkni í rekstri háskóla. | 2019 |
| Aðgerð ekki hafin | Gera aðgerðaáætlun um miðlun vísinda og tækni frá háskólum og rannsóknarstofnunum til almennings, allra skólastiga og stjórnvalda og hrinda henni í framkvæmd. | 2018–2019 |

**Aðgerð ekki hafin** · **Undirbúningur hafinn** · **Aðgerð hafin** · **Aðgerð komin vel á veg** · **Aðgerð lokið**

## 21.2 Rannsóknarstarfsemi á háskólastigi

Frá árinu 2019 eru málaflokkar 21.1 og 21.2 sameinaðir undir heitinu Háskólar og rannsóknarstarfsemi.

Á árinu 2019 var starfsemi í málaflokknum ætlað að stuðla að grunn-, nytja- og þjónusturannsóknum og miðlun þekkingar á rannsóknarsviðum stofnana sem heyrðu undir málaflokkinn. Henni var einnig ætlað að efla rannsóknarstarfsemi um allt land og tengsl stofnana við nærumhverfi og atvinnulíf.

Í fjárlögum ársins 2019 var skilgreint eitt markmið fyrir málaflokk 21.2 Rannsóknarstarfsemi á háskólastigi. Eftirfarandi markmið málaflokksins miðar að því að efla gæði í starfsemi háskóla, rannsóknastofnana og þekkingarsetra.

- **Markmið 1: Efla tengsl þekkingarsetra á landsbyggðinni við háskóla og rannsóknastofnanir, staðbundið atvinnulíf og samfélag.**

**Aðgerðarhluti 2019**

| Staða | Aðgerð | Tímabil |
|---|---|---|
| Aðgerð lokið | Kortleggja starfsemi rannsókna-, fræða- og þekkingarsetra og í kjölfarið móta stefnu um starfsemi þeirra, í samráði við setrin, háskóla og nærsamfélag. | 2018–2019 |
| Aðgerð ekki hafin | Stefna um starfsemi rannsóknar-, fræða og þekkingarsetra. Starfshópur skilar tillögum að stefnu. | 2019 |
| Aðgerð hafin | Háskólastarfsemi um allt land. Boðið verður uppá meistaranám í sjávarbyggðafræði við Háskólasetur Vestfjarða á ábyrgð Háskólans á Akureyri. | 2019 |

Aðgerð ekki hafin · Undirbúningur hafinn · Aðgerð hafin · Aðgerð komin vel á veg · Aðgerð lokið

## 21.3 Stuðningur við námsmenn

Meginverkefni málaflokksins er fjárhagslegur stuðningur við námsmenn. Undir málaflokkinn falla lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna nr. 21/1992 (LÍN) og er megintilgangur þeirra að tryggja tækifæri til náms óháð efnahag.

Í fjárlögum ársins 2019 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 21.3 Stuðningur við námsmenn. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að aðgengi að námi sé jafnt, óháð búsetu og öðrum aðstæðum. Stefnt er að því að skoða kosti þess að nýta námslánakerfið sem hvata fyrir fólk til að setjast að í dreifðari byggðum.

- **Markmið 1: Jafnari og gagnsærri dreifing á framlagi ríkisins til nemenda.**
- **Markmið 2: Bætt námsframvinda nemenda í háskólum.**
- **Markmið 3: Styðja við markmið stjórnvalda í menntamálum.**

**Aðgerðarhluti 2019**

| | | |
|---|---|---|
| ● | Endurskoðun á stuðningi við námsmenn. Frumvarp um stuðning við námsmenn fer í opið samráð á fyrri hluta ársins 2019 og ráðgert er að leggja það fyrir Alþingi á haustþingi. | 2019 |
| ● | Úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna 2018-2019. a) Framfærslugrunnnur hækkaður, b) lán vegna barna hækkuð, c) flóttamenn öðlist rétt til námslána. | 2019 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

# Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála Málefnasvið 22

## Yfirlit yfir fjölda og stöðu aðgerða sem áætlað var að fara í á árinu 2019, á málefnasviðinu.

| Málaflokkar | Aðgerð ekki hafin | Undirbúningur hafinn | Aðgerð hafin | Aðgerð komin vel á veg | Aðgerð lokið | Samt. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 22.1 Leikskóla- og grunnskólastig | 3 | 2 | 3 | 9 | 2 | 19 |
| 22.2 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig | 1 | 1 | 1 | 1 | | 4 |
| 22.3 Stjórnsýsla mennta- og menningarmála | | | | 1 | 2 | 3 |

Staða og fjöldi aðgerða: Aðgerð ekki hafin, Undirbúningur hafinn, Aðgerð hafin, Aðgerð komin vel á veg, Aðgerð lokið

## 22.1 Leikskóla- og grunnskólastig

Í fjárlögum ársins 2019 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 22.1 Leikskóla- og grunnskólastig. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að skapa umhverfi fyrir eflingu leikskóla- og grunnskólastigs, leggja grunn að þátttöku leik- og grunnskólanemenda í lýðræðissamfélagi og veita þeim viðeigandi undirbúning og fjölbreytt tækifæri fyrir frekara nám.

- **Markmið 1: Fleiri grunnskólanemendur hafi við lok grunnskóla náð lágmarksviðmiðum í lestri.**
- **Markmið 2: Auka gæði menntunar í leikskólum og grunnskólum.**
- **Markmið 3: Efla gerð og útgáfu námsgagna fyrir nemendur á skólaskyldualdri.**

| Aðgerðarhluti 2019 | |
|---|---|
| Veita ráðgjöf og stuðning við leik- og grunnskóla í samræmi við þjóðarsáttmála um læsi. | 2018–2020 |
| Breyta inntaki samræmdra könnunarprófa í 4. 7. og 9. bekk grunnskóla í samræmi við hæfniviðmið aðalnámsskrár grunnskóla. | 2018–2019 |
| Móta og kynna samræmdan leiðarvísi fyrir móðurmálskennslu á leikskóla- og grunnskólastigi fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku. | 2018–2019 |
| Læsi. a) Að ljúka við gerð matstækis sem metur grunnþætti læsis (Lesisferill), í samræmi við Þjóðarsáttmála um læsi. b) Vitundarvakning um mikilvægi sumarlesturs. | 2019 |
| Skimunarpróf. Hefja vinnu við þróun, prófa fyrir fleiri námssvið, t.d. stærðfræði og náttúrugreinar. | 2019 |
| Staða barna með annað móðurmál en íslensku. a) Unnið eftir þingsályktun um framkvæmdaráætlun í málefnum innflytjenda fyrir 2016-2019 í samstarfi við sveitarfélög. b) Kynna og innleiða samræmdan leiðarvísi fyrir móðurmálskennslu á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. | 2019 |
| Menntastefna 2030. Ný menntastefna ársins 2030 verður mótuð í víðtæku samráði. | 2019 |
| Fjármálalæsi. Undirbúningur fyrir PISA könnun í fjármálalæsi sem fram fer 2021. | 2019 |
| Skóli án aðgreiningar: Endurskoða fjármögnunarkerfi til skólastarfs og vinna að skilgreiningu á lágmarksþjónustu og þjónustusvæðum. | 2018–2023 |
| Kanna gæði og umfang þjónustu náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum. | 2018–2023 |
| Samræmd könnunarpróf. Ljúka við mótun framtíðarskipulags samræmdra könnunarprófa sem byggir á niðurstöðum starfshóps sem lýkur störfum í árslok 2018. | 2019 |
| Brotthvarf. Skima fyrir brotthvarfi á unglingastigi grunnskóla, ekki síst í hópi nemenda af erlendum uppruna. | 2019 |
| Menntun fyrir alla. Rýna núverandi lög, reglugerðir og aðalnámsskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla, með tilliti til úttektar á framkvæmd menntunar án aðgreiningar. | 2019 |

Aðgerð ekki hafin · Undirbúningur hafinn · Aðgerð hafin · Aðgerð komin vel á veg · Aðgerð lokið

| | | |
|---|---|---|
| ● (Aðgerð lokið) | Gæði menntunar. Úttektir verða gerðar á: a) Grunnskólanámi nemenda með táknmál að móðurmáli, b) grunnskólanámi nemenda með alvarlega geðræna-, hegðunar- eða félagslega erfiðleika. | 2019 |
| ● (Aðgerð hafin) | Gæði frístundaheimila. Innleiðing á gæðaviðmiðum sem sett voru 2018, sbr. ákvæði í lögum um grunnskóla. | 2019 |
| ● (Aðgerð komin vel á veg) | Raun- og tæknigreinar (GERT). Unnið að aðgerðum til að efla raun- og tæknigreinar, í samstarfi við sveitarfélög og atvinnulíf. | 2019 |
| ● (Aðgerð komin vel á veg) | Fjölga námsgögnum sem eru gefin út í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla 2011 og 2013. Þ.m.t stafrænum námsgögnum og námsgögnum fyrir nemendur sem nota táknmál og nemendur með annað móðurmál sen íslensku. | 2018–2023 |
| ● (Aðgerð komin vel á veg) | Námsgögn fyrir táknmálsnotendur. Auka úrval námsgagna fyrir nemendur sem nota táknmál, í samvinnu við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. | 2019 |
| ● (Aðgerð komin vel á veg) | Námsgagnaútgáfa. Ljúka endurskoðun á fyrirkomulagi námsgagnaútgáfu og ráðast í nauðsynlegar lagabreytingar í samræmi við niðurstöður. | 2019 |

**● Aðgerð ekki hafin  ● Undirbúningur hafinn  ● Aðgerð hafin  ● Aðgerð komin vel á veg  ● Aðgerð lokið**

## 22.2 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig

Í fjárlögum ársins 2019 var skilgreint eitt markmið fyrir málaflokk 22.2 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig. Eftirfarandi markmið málaflokksins miðar að því að skapa umhverfi fyrir eflingu framhaldsfræðslu, leggja grundvöll að þátttöku fólks í fullorðinsfræðslu í lýðræðissamfélagi og veita því viðeigandi undirbúning og fjölbreytt tækifæri fyrir frekara nám eða störf á vinnumarkaði.

- **Markmið 1: Auðvelda fullorðnu fólki sem ekki hefur lokið námi á framhaldsskólastigi að afla sér menntunar og starfsréttinda.**

**Aðgerðarhluti 2019**

| Staða | Aðgerð | Tímabil |
|---|---|---|
| Aðgerð ekki hafin | Þátttaka í PIAAC-rannsókn 2021 sem gefur upplýsingar um grunnleikni fólks á vinnumarkaði. Í kjölfarið verður farið í stefnumótun um leiðir til menntunar markhópsins. | 2018–2023 |
| Aðgerð hafin | Þýða og aðlaga evrópskt rafrænt matstæki fyrir grunnleikni í íslensku, stærðfræði, ensku og upplýsingatækni. | 2019–2021 |
| Undirbúningur hafinn | Breytingar á lögum. Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 verða endurskoðuð, m.a. með tilliti til umræðu um lýðskóla. | 2019 |
| Aðgerð komin vel á veg | Menntun og námstækifæri fatlaðs fólks. Unnið að kortlagningu í samstarfi við hagsmunaaðila. | 2019 |

Aðgerð ekki hafin · Undirbúningur hafinn · Aðgerð hafin · Aðgerð komin vel á veg · Aðgerð lokið

## 22.3 Stjórnsýsla mennta- og menningarmála

Stjórnarmálefni mennta- og menningarmálaráðuneytisins skiptast á milli 16 málaflokka. Kveðið er á um heimildir og skyldur ráðherra í almennum lögum og 45 sérlögum.

Í fjárlögum ársins 2019 var skilgreint eitt markmið fyrir málaflokk 22.3 Stjórnsýsla mennta- og menningarmála.

- **Markmið 1: Efla stefnumótun ráðuneytisins**

**Aðgerðarhluti 2019**

| Staða | Aðgerð | Tímabil |
|---|---|---|
| Aðgerð komin vel á veg | Efla stefnumótun. a) Bjóða starfsmönnum á námskeið í opinberri stefnumótun. b) Gera lykiltölur fyrir framhaldsskólastigið og háskólastigið aðgengilegar á vef. | 2019–2023 |
| Aðgerð lokið | Norrænt samstarf. Í tengslum við formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni verður m.a. unnið að verkefninu „Ungt fólk á Norðurlöndum“. | 2019 |
| Aðgerð lokið | Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO). a) Í ljósi framboðs Íslands í stjórnarnefnd UNESCO verður áfram unnið við menningar- og menntasamninga, b) leitað leiða til að koma Vatnajökulsþjóðgarði á heimsminjaskrá UNESCO, c) unnið að fullgildingu Haag-sáttmálans frá 1954. | 2019 |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

# Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða

Varasjóðir málaflokka eru hugsaðir til þess að bregðast við ófyrirséðum útgjöldum og rekstrarvanda á einstökum liðum innan viðkomandi málaflokks. Fjárveiting í varasjóð fyrir hvern málaflokk skal nema að hámarki 2% af heildarfjárheimildum. Ráðuneytið var á árinu 2019 með níu varasjóði og meðfylgjandi er yfirlit yfir stöðu þeirra í árslok ásamt skýringum á ráðstöfun úr þeim sjóði sem greitt var úr að gefnu tilefni; þ.e. 21.1 Háskólar. Til ráðstöfunar voru alls 1.098,5 m.kr. Á árinu voru nýttar 38 m.kr. þannig að árslokastaða varasjóða var 1.060,5 m.kr.

## Ráðstöfun varasjóða á árinu 2019

| **7.10 Nýsköpun og samkeppnissjóðir í rannsóknum** | **Fjárhæð** |
|---|---|
| Staða varasjóðs í upphafi árs | 68,5 |
| **Staða varasjóðs í lok árs** | **68,5** |

| **18.1 Safnamál** | **Fjárhæð** |
|---|---|
| Staða varasjóðs í upphafi árs | 21,6 |
| **Staða varasjóðs í lok árs** | **21,6** |

| **18.2 Menningarstofnanir** | **Fjárhæð** |
|---|---|
| Staða varasjóðs í upphafi árs | 33,2 |
| **Staða varasjóðs í lok árs** | **33,2** |

| **18.3 Menningarsjóðir** | **Fjárhæð** |
|---|---|
| Staða varasjóðs í upphafi árs | 248,3 |
| **Staða varasjóðs í lok árs** | **248,3** |

| **18.4 Íþrótta- og æskulýðsmál** | **Fjárhæð** |
|---|---|
| Staða varasjóðs í upphafi árs | 10,9 |
| **Staða varasjóðs í lok árs** | **10,9** |

| **20.1 Framhaldsskólar** | **Fjárhæð** |
|---|---|
| Staða varasjóðs í upphafi árs | 392,7 |
| **Staða varasjóðs í lok árs** | **392,7** |

| **21.1 Háskólar** | **Fjárhæð** |
|---|---|
| Staða varasjóðs í upphafi árs | 256,2 |
| 02-205 Háskólinn á Akureyri | 38,0 |
| **Staða varasjóðs í lok árs** | **218,2** |

*Fjárhæðir í milljónum króna*

Háskólinn á Akureyri fékk 38 m.kr. framlag úr varasjóði vegna endurbóta á húsnæði sínu. Húsnæði skólans færðist yfir til Ríkiseigna í árslok. Áður en til þess kom lá fyrir að skólinn þyrfti að ljúka viðgerðum á þeim hluta húsnæðis síns sem lá undir rakaskemmdum. Skólinn fékk til þess 80 m.kr. framlag á fjárlögum ársins 2019. Er líða tók á árið kom í ljós að verkið var umfangsmeira en áætlað var í upphafi. Umrætt framlag úr varasjóði var til að mæta þessum aukna kostnaði.

| **21.2 Rannsóknastarfsemi á háskólastigi** | **Fjárhæð** |
|---|---:|
| Staða varasjóðs í upphafi árs | 32,9 |
| **Staða varasjóðs í lok árs** | **32,9** |

| **22.3 Stjórnsýsla mennta- og menningarmála** | **Fjárhæð** |
|---|---:|
| Staða varasjóðs í upphafi árs | 34,2 |
| **Staða varasjóðs í lok árs** | **34,2** |

*Fjárhæðir í milljónum króna*

# Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila

Alls voru 112 fjárlagaliðir á ábyrgð ráðuneytisins fjárlagaárið 2019. Þar af voru 52 stofnanir en aðrir fjárlagaliðir, s.s. sjóðir, safnliðir og varasjóðir voru 60. Verkefni þeirra liða skiptast á 16 málaflokka á sex málefnasviðum.

Í eftirfarandi umfjöllun er gerð nánari grein fyrir frávikum einstakra liða eftir því sem ástæða er til. Myndirnar sýna stöðu fjárlagaliða eftir árið, að teknu tilliti til stöðu fjárheimilda frá fyrra ári. Ef frávik er innan 4% af rekstri þá er yfirleitt ekki talin ástæða til sérstakra skýringa því ýmsar eðlilegar ástæður geta verið á fráviki af slíkri stærðargráðu. Hafa verður í huga að tölur sem gefnar eru upp í krónum gefa ekki endilega rétta mynd af stöðu liðanna vegna þess að reksturinn er mjög mismunandi að umfangi.




*Fjárhæðir í milljónum króna*

**Málaflokki 7.1** Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum tilheyra alls fjórir útgreiðsluliðir ráðuneytinu auk varasjóðs. Afgangi og halla á þessum liðum verður að taka með fyrirvara þar sem sjóðirnir velta fjármunum milli ára og framlög og gjöld dreifast ekki jafnt innan ársins. Markáætlun á sviði vísinda og tækni er sjóður sem fjármagnaður er af ríkissjóði en úthlutað er úr honum á þriggja ára fresti og þess vegna var afgangur af honum í lok ársins 2019. Hallinn á rammaáætlunum er tilkominn vegna gengisþróunar innan ársins.




*Fjárhæðir í milljónum króna*

**Málefnasviði 18** Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál tilheyra alls 13 stofnanir, 16 útgreiðsluliðir og fjórir varasjóðir eða alls 33 liðir. Á öllum liðum nema sjö er afgangur eftir árið.




*Fjárhæðir í milljónum króna*

**Málefnasviði 19** Fjölmiðlun tilheyra 2 stofnanir þ.e. Ríkisútvarpið ohf. og Fjölmiðlanefnd.




*Fjárhæðir í milljónum króna*

**Málefnasviði 20** Framhaldsskólastig tilheyra 27 stofnanir, 11 útgreiðsluliðir og einn varasjóður, eða samtals 39 liðir. Á málefnasviðinu eru 27 opinberir framhaldsskólar og er rekstur þeirra flestra í góðu jafnvægi og í heildina skilar málefnasviðið afgangi.




*Fjárhæðir í milljónum króna*

**Málefnasviði 21** Háskólum tilheyra sjö stofnanir, sjö útgreiðsluliðir og tveir varasjóðir, alls 16 liðir. Rekstur stofnananna er almennt í góðu jafnvægi og í heild skilar málefnasviðið afgangi. Stóran hluta af jákvæðri stöðu fjárheimilda Háskóla Íslands má rekja til eignarhluta í félögum og afkomu dótturfélaga skólans.




*Fjárhæðir í milljónum króna*

**Málefnasviði 22** Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála tilheyra 3 stofnanir, aðalskrifstofa ráðuneytisins, 11 útgreiðsluliðir og einn varasjóður, alls 16 liðir.

**Stjórnarráð Íslands**
Mennta- og menningarmálaráðuneytið